

Um rennsli í nokkrum lækjum í A-Hún.
Fljótaskrift upp úr dagbók

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-90-03

Um rennsli í nokkrum lækjum í A - Hún. Fljótaskrift upp úr dagbók

Þetta á að verða innlegg í skýrslugerð um möguleika á öflun heitra og kaldra vökva til heimilisfiskeldis í þrem hreppum í Austur - Húnavatnssýslu. Þessir hreppar eru Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur og Engihlíðarhreppur. Undirritaður skoðaði þá læk sem álitlegastir þóttu um mánaðamótin sept. - okt. 1989 og aftur í apríl 1990. Þessi samantekt er ekki tæmandi, enda aðeins gerð til að koma í veg fyrir að gögnin fari á tvist og bast. Beitt var misgrófum aðferðum við vatnamælingar og er þeirra getið innan sviga:

Þar þýðir (ág) að giskað hafi verið á rennsli;

(0,6) að notast hafi verið við grófa straummælingu með hrjúflekastuðlinum 0,6;

(V-mæl) að rennsli hafi verið mælt í v-laga yfirfalli;

(fata) þýðir að notuð hafi verið fata og skeiðklukka.

Mældur var hiti (°C) og rafleiðni (μS) lækjavatnsins og í upptökum þar sem því varð við komið. Ekkert skal um það sagt, hvort þær mælingar séu á einn eða annan hátt nothæfar til að meta fiskeldishæfni vökvans. Sumir þeirra lækja, eru nefndir, eru upp sprottinir í votlendi að meira eða minna leyti. Þeir bera þá alla jafnan með sér mýrarauda, og teljast vart lífvænlegir fyrir heimilissilunga.

Innanum og samanvið hefi ég svo skotið upplýsingum um læk og lindir og sem aflað var af öðrum en sjálfum mér, einkum þó af Freysteini Sigurðssyni (FS).

Torfalækjarhreppur

Í Þúfnalæk safnast vatn af allvíðfeðmu láglandissvæði, sem víðast er mýrlent og ber vatnið í honum nokkuð dóm af því.

890907 (FS við veg): 60 l/s (ág), 5,1 °C, 228 μS

891003 (ÞHH í ræsi): 56 l/s (0,6), 8,0 °C, 240 μS

Beinakeldulækur er þar af ca. 10 l/s

Torfalækur er einnig af votlendu landi sprottinn og er ekki líklegur til að vera stöðugur né að vatnið í honum sé lífvænlegt.

890907 (FS við veg): 180 l/s (0,6), 6,8 °C, 202 μS

891003 (ÞHH við veg): 155 l/s (0,6) 8,2 °C, 233 μS

900408 (ÞHH fann ekki vatnsfallið)

Innan við Brunná er land ekki lindalegt en áin sú var

890907 (FS á vaði) 150 l/s (ág) 3,5 °C, 82 μS

890928 (ÞHH á vaði 150 l/s (ág) 2,7 °C, 90 μS

Hún er upp sprottin dreift undan skriðum í kröppu gili, og var í gilkaftinum á að giska 50 - 80 l/s. Utan gils bætast við nokkrir lindalækir og sumir ættaðir úr smálindum í árbakkanum. Hugsanlegt hefur þótt að veita ánni úr farveginum miðsvegar milli vaðs og gils og láta hana renna hálfgerðar botnaleiðir í áttina að Reykjum. Þetta má vera hægt án verulegra skurða, en á hinn bóginn er hugsanlegt að nokkuð af vatninu tynist ofan í urðina við slíkar framkvæmdir. Hér er ýmis konar urð ráðandi og innan um og samanvið eru eskerdruslur, til að mynda hefur verið tekið verulegt efni til vegagerðar úr esker rétt utan við Dýhól. Það þykir ekki gefið að vatn sem tapaðist úr nýjum farvegi skilaði sér öðruvísi en sem grunnvatnssmit til Giljár og/eða út í mýrlendið norðan Reykjabrautar.

Svínadalur

Allmargar smálindir eru í fjallsrótum Reykjanibbu undir Grettisskyrtu og Jórunnarskál. Vatn frá þeim er í heildina

ekki mjög mikið, en væntanlega eru líkur á að það sé eitthvað stöðugra en gengur og gerist.

Skurðirnir í túninu utan við Mosfell safna nokkru vatni úr bleytum, sem eru innan við Jórunnarskálar - berghlaupsurðina. Ekki er þó hægt að nefna lindir fyrr en undan frambrún hennar, en þar eru ein sjö líndaaufu á um hálfis kílómetra kafla; flestar Mosfellsmeigin við girðinguna. Tvær lindanna, sín hvoru megin girðingar, skila helftinni af vatninu, sem mætir í þrem lækjabunum í vegskurð ofan vegamótanna utan við Svínavatn.

850702 (ÞHH ágiskun á upptökum) 23 l/s, 3,7 °C

890627 (ÞHH mældi í fötu) 32,5 l/s alls

890928 (ÞHH mældi í fötu) 22,5 l/s alls, 3,7 - 3,9 °C, 170 µS í upptökum

900416 (ÞHH sá engar afætur við veginn)

900517 (ÞHH við veg: 40 l/s (gróf ágiskun))

Mosfell, lækur innan við afleggjara

Lækurinn á upptök í dreifðum lækjaseyrum í hlíðinni innan bæjarins. Sumar, og þá þær óstöðugustu, teygja sig upp í skriðuvæng.

890907 (FS við veg): 25 l/s (ág) 6,2 °C, 144 µS

891003 (ÞHH við veg): 39 l/s (0,6) 6,2 °C, 164 µS

900416 var lækur á kafi í snjó.

900517 (ÞHH) ca. 60 l/s (ág)

Mosfell, lækur utan afleggjara

Þessi lækur safnast saman af ögn "lindalegra" svæði en hinn innri; hlíðin undir Grettisskyrtu er nokkurri urð orpin og finnst í henni nokkrar lindir, sem staðið geta undir nafni; álitlegust þeirra er vatnsbólslindin á Mosfelli.

850702 (ÞHH) ca. 3 l/s (ág), 3,3 °C

891003 (ÞHH) ca. 3 l/s (ág), 3,6 °C, 157 µS

Lækurinn frá vatnsbólslinu rennur um mýrlendi og sameinast fljótt öðrum svipuðum og var 891003 tæplega 20 l/s við frárhúsin á Mosfelli.

890907 (FS við veg): 40 l/s (ág), 5,2 °C, 159 µS

Utan við Geithamra safnast vatn af töluvert víðfeðmu svæði undan fjallsrótum í

framræsluskurði. Afrennsli svæðisins mælt í vegræsi:

891003 (ÞHH við veg) 63 l/s (0,6)

Verulegur hluti er úr einni lind, sem upp sprettur rétt við minnismarki. Rennsli í læknum frá henni, þar sem hann fellur í framræsluskurð;

891003 (ÞHH) 35 l/s (V-mæl) þar af ca. 26 l/s, 3,2 °C, 105 µS í upptökum sjálfum.

Þá er til nefndur lækjarskratti úr mýrarsundi með smátjörnum; þá 7 - 10 l/s (ág). Fáeinir lindaseyrur í brekkurótum bleyta upp í sundinu; hiti í þeim 3,1 °C. (ath FS)

Lindir eru að baki bæjarhúsa að Geithömrum og falla frá þeim tveir lækir; sá sem rennur niður með fjósi er aðallega úr tveim augum (15 og 3 l/s, 4,1 °C, 120 µS). Lækur mældur

890907 (FS við veg) 20 l/s (ág), 4,5 °C, 119 µS

890929 (ÞHH neðan vegar), 19 l/s (V-mæl).

900416 (ÞHH) 7 l/s (ág), 2,0 °C, 92 µS

Bak við fjárhús er smálind;

890929 (ÞHH) ca. 5 l/s (ág) 4,1 °C, 105 µS

og sameinast vatn frá henni álíka stórum smálindalæk ofan úr brekkunum.

Merkjalækur á upptök um í urðum í um 300 m hæð yfir bæjunum og bætist honum nokkuð á leiðinni þaðan. Ekki mældur.

Grundarlækur á upptök sín í Grundarskálum; annars vegar í vötnunum (útrennsli 890929 50 - 100 l/s) og hins vegar dregst saman lækur úr efstu skriðum rétt utan þeirra (þá 40 - 50 l/s) og mætti veita honum til þeirra ef einhver vildi. Afrennslið úr ytra vatninu liggur um grunna lág og virðist ekki vera erfitt að auka miðlunarrýmdina í vatninu töluvert.

Lækirnir koma saman rétt ofan rafstöðvar bæjanna og mælast sameinaðir:

89-vetur (ÞG í yfirfalli rafstöðvar) 417 l/s

890907 (FS við veg): 100 l/s (ág) 4,3 °C, 119 µS

890929 (ÞHH við veg): 200 l/s (0,8), 6,9 °C, 75 µS

89-nóv. (ÞG í rafstöðvayfirfalli) 37 l/s

90-febr. (ÞG í rafstöðvayfirfalli) 37 l/s

900416 (ÞHH sá ekki lækinn fyrir snjó)

900517 (ÞHH við veg): 200 l/s (ág)
Þann 29. sept 1989 var ætlað að um 15 l/s rynnu úr innra vatninu í hið ytra. Lindir eru nokkrar í skriðurótum, einkum við innrennslið í ytra vatnið. Langstærsta lindin var um 20 l/s (ág), 4,4 °C, 60 µS, en í minni skriðufótarlindum mældist hitinn allt niður í 2,5 °C.

Neðan Grundarskálar er allvíða djámosi þar sem örlítið vatn vætlar undan skálarurðinni. Hugsanlega mundi leki aukast í þessum vætlum ef hækkað yrði í vatninu, en þó er það engan veginn víst hvað ytra vatnið varðar.

Hólsá kemur fram úr hangandi dal. Þegar kemur niður á láglandið er hún í svolítið grýttum farvegi og er hugsanlega í hann grafandi eftir vatni.

891003 (ÞHH við veg) 150 - 200 l/s (ág) 5,8 °C, 42 µS

Lækur fellur í ána við brúna og safnar sá nær öllu vatni undan fjallsrótum allar götur utan frá Snæringsstöðum, ögn móleitur;

891003 (ÞHH) 20 l/s (ág) 7,2 °C, 98 µS

Annar er innan ár og sameinast henni rétt neðan vegar;

891003 (ÞHH) 7,4 °C, 108 µS

Hraunsá, innan Ljósstaða kemur í fossum fram af fjallsins brún og virðist baklandið ekki vera mjög vatnsbúskaparlegt.

891003 (ÞHH við veginn) 100 - 150 l/s (ág) 6,2 °C, 53 µS

Langidalur

Dalbotninn í Langadal er víða hulinn áreyrum, einkum og sér í lagi niður af ármótum Blöndu og Svartár. Þar eru víða allsæmilegar aðstæður til að ná umtalsverðu grunnvatni með brunnum ellegar "drenlögnum". Úr þess háttar mannvirkjum þarf yfirleitt, en þó ekki alltaf að dæla. Við brunngerð og "dren" þarf að taka mið af hugsanlegri flóðahættu. Eyrar þessar verða sjaldséðari eftir því sem utar dregur í dalnum og er flatinn rétt innan við Móberg neðsta álitlega eyrasvæðið.

Lind er í brekkurótum við fjárhús að Móbergi;

890908 (FS) 5 - 6 l/s (ág) 4,3 °C, 74 µS

Geitaskarð, bæjarlækur

890908 (FS við veg) 30 - 40 l/s (ág) 8,0 °C, 74 µS

891002 (ÞHH við veg) 62 l/s (0,6) 6,6 °C, 75 µS

900408 (ÞHH sá skafi)

Mikil urð er í hlíðinni upp af Buðlunganesi. Í henni innanverðri eru djáveitur, einkum rétt ofan vegar, og rennur frá þeim svolítill lækur inn með veginum.

890908 (FS) 10 - 15 l/s (ág) 8,5 °C, 82 µS

Þetta vatn virðist þverra að mestu að vetri, þó svo svolitlar afætur sjáist (ÞHH apríl '90).

Í Buðlunganesi rennur lækur í tjörn rétt neðan vegar:

890908 (FS við veg) 40 l/s (ág) 7,8 °C, 74 µS

891002 (ÞHH við veg) 46 l/s (0,6), 5,9 °C, 56 µS

900408 (ÞHH við veg) 26 l/s (0,6), 2,0 °C, 62 µS

Lækur þessi á sín efstu upptök í fallettri lind í ríflega 350 m y.s. uppi í urðarskálinni:

891002 (ÞHH) ca. 15 l/s (ág) 3,4 °C, 49 µS

Þessum læk bætist svo eylítið lindavatn, einkum í skálarbrúninni í sem næst 300 m y.s.

Utan girðingar er annar lækur, sem einnig er lindalegur, helstu uppkomustaðir eru í ca. 150 m y.s.;

891002 (ÞHH) 5 l/s (alls, ág) 4,6 °C, 62 µS

Utan og ofan við Fremstagil verða til nokkrir lækir, misjafnlega lindalegir ásýndim.

Bæjarlækurinn á Fremstagili var 891002 u.þ.b. 50 l/s og dregst hann saman af töluvert víðfeðmu svæði.

Litlu utar eru ein af efstu upptökum í nærri 500 m y.s., líkast til mest tímabundin snjóbráð;

891002 (ÞHH) 20 l/s (ág) 1,8 °C, 35 µS

Þessum læk bætist nokkuð vatn áður en hann klofnar og rennur í tveim hlutum utan bæjarins.

Lækurinn, sem kemur niður hlíðina við Glaumbæ á upptök í urð hátt í fjallinu (ca. 500m y.s.), þar sem upp spruttu

891002 (ÞHH) 15 - 20 l/s (ág), 3,8 °C, 45 µS

en niðri við veg voru

890908 (FS) 30 l/s (ág), 6,9 °C, 55 μ S

Lækur þessi kemur við í tjarnapollum uppu í urðarhrúgaldinu, en rennur bratt þaðan niður hlíðina.

Utan við Engihlíð rennur lindarlækur;

891002 (ÞHH við veg) 27 l/s (fata) 5,3 °C, 55 μ S

900408 (ÞHH við bæ) 6,5 l/s, 1,0 °C, 71 μ S

Upptökin eru lind í urðarbrún í sem næst 270 m y.s.

891003 (ÞHH) ca. 10 l/s (ág) 2,6 °C, 42 μ S

Við Miðgil dregst bæjarlækur saman úr fjallshlíðinni utan við urðarrana, lítið rauðamengaður og hefur fyrrum verið virkjaður.

890908 (FS við veg) >20 l/s (ág), 7,3 °C, 58 μ S

891002 (ÞHH við veg) 46 l/s (0,6), 6,2 °C, 86 μ S

900408 (ÞHH við veg) 7 l/s (ág), 1,2 °C, 76 μ S

Við Ystagil sameinast tveir lækir skammt ofan vegar og er hinn stærri afar móleitur

890908 (FS við veg) 70 l/s (ág) 7,3 °C, 64 μ S

891002 (ÞHH við veg) 66 l/s (0,6), 6,0 °C, 61 μ S

þar af er minni lækurinn ca. 10 l/s, 6,0 °C, 91 μ S

Lækjarseyra í mýri niður undir Blöndu innan Breiðavaðs

891002 (ÞHH) ca. 2 l/s (ág), 4,2 °C, 151 μ S

900408 (ÞHH í hitaleit) 0,4 l/s, 2,5 °C, 138 μ S

Þá mældar þrjár aðrar seyrur; sú innsta langmest; 0,8 l/s 2,3 °C, 168 μ S

900517

Breiðavaðslækur dregur vatn sitt af hlíðinni innan og ofan við bæinn og er honum veitt í Grafarvatn;

891002 (ÞHH ofan við veg) 90 l/s, (0,6), 5,9 °C, 87 μ S

900408 (ÞHH við Blöndu) 15 l/s (ág) 0,7 °C, 188 μ S

900517 (ÞHH við Blöndu) ca 200 l/s (ág)

Í Laugarhvammi er vatnsból Blönduóss.

Áður en ráðist var í virkjun lindarinnar í Laugarhvammi, var fylgst með rennslinu

nokkra hríð. Knútur Berndsen skrifar til Fjarhitunar h/f:

7711?? (KB) 40 - 45 l/s (ág)

780213 (KB) 40 - 45 l/s (mælt?)

780310 (KB) 40 - 45 l/s (ág)

780321 (KB) 40 - 45 l/s (mælt)

780418 (KB) 40 -45) l/s (mælt)

780518 (KB) 40 - 45 l/s (mælt?)

7806?? (KB) 50 - 47 l/s (ág)

780729 (KB) 40 - 45 l/s (mælt?)

780926 (KB) 40 - 45 l/s (mælt)

781117 (KB) 40 - 45 l/s (ág)

781220 (KB) 40 - 45 l/s (ág)

790108 (KB) 40 l/s (mælt), 4 °C

Rennsli um yfirfall + leki innan dæluhúss;

891002 (ÞHH) ca. 30 l/s (ág) 4,8 °C, 151 μ S

900408 (ÞHH) ca. 8 l/s (ág) 3,8 °C, 156 μ S

900408 (ÞHH) > 15 l/s (lekur ekki), 4,9 °C, 153, μ S

Rennsli undan "viðlagavatnsbóli", sem notað var til skamms tíma og er tæpa 50 m utan dæluhúss;

880427 (ÞHH) ca. 10 l/s (ág)

891002 (ÞHH) ca. 20 l/s (ág) 4,8 °C, 152 μ S

900408 (ÞHH) ca. 10 l/s (ág) 3,8 °C, 165 μ S

900517 (ÞHH) > 10 l/s (ág), 4,9 °C, 143 μ S

Þrír smálækir ca. 50 m utar í Hvamminum, alls ca. 1,5 l/s, 4,1 °C, 167 μ S

Í læk við Efri Lækjardal er vatnið dulítið móleitt)

891002 (ÞHH við veg) 114 l/s (0,6), 5,6 °C, 156 μ S

Lækur við Mýrar virðist ferskur og er lækurinn nokkuð bakkaþagur ásýndum

891002 (ÞHH við veg) 129 l/s (0,6), 5,5 °C, 65 μ S

22. maí 1990

Þórólfur H. Hafstað